

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á Smiðjustíg milli Hverfisgötu og Lindargötu, báðum megin götunnar.
2. Stöðvunarskylda verður á Skeiðarvogi gagnvart umferð um Suðurlandsbraut.
3. Vesturberg verður aðalbraut, þó þannig, að á gatnamótum við Norðurfell og Suðurhóla gildir almennur umferðarréttur.

Framangreindar reglur taka gildi 1. ágúst 1972.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. júlí 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

21. september 1972.

Nr. 263.

AUGLÝSING

um skipulag í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Miklaholtshrepps í Snæfellsnessýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. október 1972.

Nr. 264.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju
fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. október 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. október 1972.

Vélskelflett rækja:

1 × 25 lbs. sérfryst, cif £ 0.54 pr. lb.
Verðbil verði 2%.

Verðgrundvöllur þessi kemur í stað verðgrundvallar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 24. maí s. l.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1972.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.